



Fundargerð hreppsnefndar 07. maí 2015

Fundur nr. 21 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur verður haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 7. maí 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Almenn mál:

a. Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2014 tekinn til síðari umræðu.

Fyrri umræða fór fram 30. apríl sl. og voru þá til umræðu ársreikningar A- og B-hluta fyrir árið 2014, sundurliðanir ársreiknings og endurskoðunarskýrsla KPMG.

Sveitarstjóri lagði fram greinargerð sína með ársreikningnum til frekari skýringa með honum. Er greinargerðin meðfylgjandi. Reikningurinn síðan borinn upp til samþykktar og hann samhljóða samþykktur. Milliuppgjör ársins 2015 verður lagt fram 04. júní nk.

b. Kosning fulltrúa á aðalfund SSA sem haldinn verður á Djúpavogi dagana 02. og 03. október 2015

Samhljóða samþykkt að sem fulltrúar Vopnafjarðarhrepps fari Sigríður Elva Konráðsdóttir, Steingrímur Árnason og Bárður Jónasson. Til vara Eyjólfur Sigurðsson, Friðrik Óli Atlason og Magnús Þór Róbertsson.

c. Erindi frá skipulags- og umhverfisnefnd dags. 22. apríl 2015

Lagt fram til kynningar.

d. Kauptilboð í Hafnarbyggð 1, Vopnafirði

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá málinu á grundvelli gagntilboðs.

e. Kosning fulltrúa á aðalfund Landskerfis Bókasafna sem haldinn verður 12. maí 2015 í Reykjavík

Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga frá málinu.

f. Styrkbeiðni frá Hestamannafélaginu Glófaxes dags. 26. mars 2015

Við gerð fjárhagsáætlunar 2015 var gert ráð fyrir 321.000 kr. framlagi sveitarfélagsins til Glófaxes sem félagið getur ráðstafað að eigin vild, t. a. m. með námskeiðshaldi. Sveitarstjórn fagnar frumkvæði félagsins með námskeiðshaldinu. Samþykkt samhljóða.

g. Styrkbeiðni frá Menntasjóði Lindarinnar dags. 26. apríl 2015

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða eftifarandi bókun:

„Jafnréttisstefna Vopnafjarðarhrepps kveður skýrt á um að ekki skuli mismuna einstaklingum eftir kyni. Úthlutunarreglur Menntasjóðsins kveða á um að konur skulu njóta forgangs við styrkveitingu en það samrýmist ekki jafnréttisstefnu sveitarfélagsins.

Stefna sjóðsins virðist byggja á þeirri forsendu að konur eigi erfiðara um vik að sækja sér mennta, sem við teljum ekki eigi við á 21. öldinni. Staðreyndin er sú að mun fleiri konur en karlar sækja sér háskólamenntun nú.

Það er ósk okkar að Menntasjóðurinn Lindin haldi áfram sínu góða starfi að styðja við menntun Vopnfirðinga en taki tillit til breyttra þjóðfélagshátta. Vísað er því til jafnréttisstefnu sveitarfélagsins þegar erindinu er hafnað“.

h. Styrkbeiðni frá Póllandsförum 2015, dags. 2. maí 2015

Samþykkt með 4 atkvæðum að veita 20 þúsund króna styrk, Víglundur Páll og Bárður á móti, Magnús Þór sat hjá.

i. Frumvarp til laga um veiðigjöld, 692. mál. Beiðni um umsögn

Samþykkt samhljóða að vísa málinu til atvinnu- og ferðamálamálanefndar til umsagnar.

j. Frumvarp til laga um verndunarsvæði í byggð, 629 mál. Beiðni um umsögn

Sveitarstjórn tók erindi um frumvarp til laga um verndarsvæði í byggð, 629. mál. Eftirfarandi var samhljóða samþykkt:

„Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps lýsir stuðningi við framkomið frumvarp. Frumvarpið markar skýran lagalegan ramma fyrir sveitarfélög til að vernda og varðveita götummyndir. Mikilvægt er til að markmið frumvarpsins nái fram að ganga að samhliða afgreiðslu þess komi aðgengilegt fjármagn til verkefnisins þannig að sveitarfélög stór sem smá geti nýtt og stuðlað að varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi“.

k. Kynning á leiðbeiningum um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES 2015

Lagt fram til kynningar.

l. Ársskýrsla og ársreikningur Brunavarna á Austurlandi fyrir árið 2014, lagt fram

Lagt fram til kynningar.

m. Ársreikningur samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fyrir árið 2014 lagður fram

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerðir:

a. 122. fundar Haust dags. 15. apríl 2015

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 17:22.

Greinargerð sveitarstjóra:

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2014

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2014 var jákvæð um samtals 39 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæður um 12 millj. kr. Undir A-hluta heyrir Aðalsjóður, Eignasjóður og Þjónustumiðstöð. Undir B-hluta heyra Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Lyfsala, Sundabúð, Atvinnuefingarsjóður, Arnarvatn ehf. og Skiphólmi ehf.

Heildartekjur sveitafélagsis námu alls um 893 millj. kr. á árinu 2014. Rekstur málaflokka var í flestum tilfellum í samræmi við við fjárhagsáætlun. Þó ber að geta þess að liðir s. s. launahækkarnir á árinu hjá ákveðnum starfsgreinum voru hærri en gert var ráð fyrir. Þrátt fyrir ákveðin frávik er rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins vel ásættanleg og ber að þakka stjórnendum og öðru starfsfólki sveitarfélagsins þann árangur.

Heildarfjárfestingar ársins 2014 námu 103 millj. kr. en þar af námu fjárfestingar A hluta 57 millj. kr. Heildareignir A og B hluta sveitarfélagsins námu í lok árs 2014 um 1.400 millj. kr., samborið við 1.384 millj. kr. 2013. Heildarskuldir samstæðunnar námu um 638 millj. kr. og lækkuðu milli ára um 3,5%.

Samkvæmt fjárhagslegu viðmiðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 502/2012 þá er skuldahlutfall og skuldaviðmið Vopnafjarðarhrepps 63,1% í árslok 2014. Þá er rekstrarjöfnuður síðust þriggja ára jákvæður og verður áfram er tekið er mið af samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins til næstu ára.